

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2017

**Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.
146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 533 — 402. mál.**

Í fjármálaáætlun til fimm ára fyrir hið opinbera kemur fram að á næstu árum verði sérstök áhersla lögð á uppbyggingu innviða og eflingu velferðarkerfisins, m.a. með stóru auknum útgjöldum til heilbrigðis- og menntamála, einföldun skattkerfis og niðurgreiðslu skulda. Þá verði unnið að því að veða á móti þenslu í hagkerfinu, stuðla að sátt á vinnumarkaði, taka á gengisstyrkingu og efla opinbera þjónustu og styrkja innviði.

BHM hefur farið yfir fjármálaáætlunina og lýsir yfir þungum áhyggjum varðandi fjölmargar tillögur í henni. Fjármálaáætlun afhjúpar vanda ríkisfjármála í sveiflukenndu hagkerfi. Á sama tíma og rétt er talið að draga úr þenslu með aðhaldi í ríkisfjármálum er þrýstingur á stjórnvöld að hlúa að innviðum sem voru vanfjármagnaðir á kreppuárunum.

Í lögum um opinber fjármál segir að stefnumörkun eigi að byggja á grunngildunum sjálfbærni, varfærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi. Svo virðist sem fjármálaáætlunin sé ekki í samræmi við þau lög því vandséð er að grunngildin séu virt í hvívetna. Forgangsröðun verkefna er illa rökstudd. Ekki er að sjá að framkvæmt hafi verið arðsemismat af t.d. samgöngufjárfestingum eins og flestar þjóðir gera. Í áætluninni má auk þess finna óskynsamlegar pólitískar áherslur á þenslutímum, t.d. lækkun virðisaukaskatts í herra þrepi.

Atvinnu- og menntastefna

Í fjármálaáætluninni kemur fram að það sé markmið að efla þjónustu og styrkja innviði. Ljóst er að gert er ráð fyrir áframhaldandi undirfjármögnun háskólastigsins og lýsir BHM yfir þungum áhyggjum af þeirri fyrirætlun. Að óbreyttu mun Háskóli Íslands dragast aftur úr í alþjóðlegum samanburði, hann mun þurfa að draga saman námsframboð og hætta við brýna uppbyggingu innviða rannsókna og nýsköpunar. BHM skorar á stjórnvöld að bregðast við með breytingu á fjármálaáætluninni en innviðir verða ekki styrktir án menntaðs starfsfólks og öflugra rannsókna.

Í þessu sambandi bendir BHM á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í janúar 2017 er lögð rík áhersla á að treysta samkeppnishæfni Íslands, að þróa hér þekkingarsamfélag og að myndarlega verði stutt við rannsóknir, auk þess að þróun og hlutverk samkeppnissjóða verði víkkað út til rannsókna á sviði skapandi greina. Vandséð er að fjármálastefnan styðji við þessi markmið ríkisstjórnarinnar. Nýsköpun og vísindi skipta sköpum við uppbyggingu atvinnulífs og eflingu lífsgæða. BHM kallar eftir því að stjórnvöld setji sér bæði atvinnustefnu og menntastefnu sem styðji hvor við aðra og verið geta leiðarljós við gerð fjármálastefnu og fjármálaáætlun stjórnvalda. Framsýn atvinnu- og menntastefna getur haft mildandi áhrif á hagsveiflur og verið mikilvægt gagn í stefnumótunarvinnu hagsmunaaðila. BHM lýsir sig reiðubúið til samvinnu við stjórnvöld um slíka stefnumótun.

Í glærukynningu¹ fjármála- og efnahagsráðherra frá 31. mars sl. kemur fram að starfsemi ríkisins búi yfir miklum mannauði og veiti samfélaginu góða og mikilvæga þjónustu. BHM tekur undir þessi orð ráðherra en bendir á að ekki verði byggt upp öflugt og gott samfélag nema ráðuneytin og æðstu stofnanir ríkisins ráði við verkefnin sem þeim eru falin lögum samkvæmt. Ríkið þarf að vera samkeppnishæft við almenna vinnumarkaðinn um starfsfólk. Nái stofnanir ríkisins ekki að laða til sín og halda starfsfólki með þekkingu og reynslu mun það koma harkalega niður á starfsemi þeirra. Sumar stofnanir krefjast mikillar sérþekkingar, t.d. eftirlitsstofnanir og heilbrigðisstofnanir, en það er forsenda fyrir skilvirku eftirliti og góðu heilbrigðiskerfi að stofnanir hafi yfir að ráða mannafla sem búi yfir menntun og þekkingu við hæfi.

¹ <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Munnleg-kynning-a-fjarmalaaaetlun-vefur.pdf>

Atvinnuleysi háskólamenntaðra

Í kynningum ráðherra kemur fram að mælt atvinnuleysi hafi minnkað mikið og sé komið niður fyrir 3%. Í skýrslu Vinnumálastofnunar um stöðu og horfur á vinnumarkaði á árunum 2016-2018 kemur hins vegar fram að atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra hefur minnkað hægar undanfarin misseri en meðal fólks með minni menntun að baki og þá einkum meðal háskólamenntaðra kvenna. Staða háskólamenntaðra kvenna var mun verri en karla í febrúar 2017 en þá var fjöldi háskólamenntaðra kvenna á atvinnuleysissskrá 677 en atvinnulausir háskólamenntaðir karlar 457 talsins. BHM gerir athugasemd við að stjórnvöld fjalli ekki um þessa þróun í fjármálaáætluninni og óttast landflóttu háskólamenntaðra á meðan menntun er ekki metin til launa og engin atvinnustefna styður við störf háskólamenntaðra hérlendis. Að mati BHM þurfa stjórnvöld að taka sérstaklega á stöðu háskólamenntaðra kvenna á atvinnuleysissskrá.

Jöfnun launakjara milli markaða

Eitt af markmiðum fjármálaáætlunarinnar er að skapa sátt á vinnumarkaði. BHM bendir á að þann 31. ágúst 2017 rennur út gildistími úrskurðar gerðardóms frá árinu 2015 og þá losna 18 kjarasamningar aðildarfélaga BHM við ríkið. Sem kunnugt er stöðvaði Alþingi lögmætar verkfallsaðgerðir aðildarfélaga BHM 13. júní 2015. Gerðardómur kom í veg fyrir að frjálsir samningar næðust um mikilvæg kjaramál aðildarfélaganna og gerir BHM þá eðlilegu kröfu að gengið verði til samninga við aðildarfélögin af fullri alvöru og heilindum að þessu sinni. Vakin er athygli þingmanna á því að Rammasamkomulag hins svokallaða SALEK samstarfs frá því í október 2015 nær ekki yfir allan vinnumarkaðinn. Þær breytingar sem nú hafa verið lögfestar á lífeyrismálum opinberra starfsmanna ná engu að síður yfir félagsmenn aðildarfélaga BHM. Nýtt samræmt lífeyriskerfi hefur það meðal annars í för með sér að nýtt starfsfólk hjá ríki og sveitarfélögum nýtur lakari lífeyrisréttinda en forverar þeirra án þess að laun þeirra hafi verið jöfnuð á við almennan vinnumarkað, samanber 7. lið samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. BHM áréttar því mikilvægi þess að launakjör séu jöfnuð milli markaða áður en ráðist verður í vinnu við nýtt vinnumarkaðsfyrirkomulag. Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar verður að taka mið af skuldbindingum ríkisins í fyrrnefndu samkomulagi.

Fjölskylduvænn vinnumarkaður

Hækkun á hámarksgreiðslum til foreldra úr Fæðingarorlofssjóði í 600 þúsund krónur á mánuði í áföngum er lítið en mikilvægt skref í rétta átt. Markmiðum laga um fæðingarorlof er ekki náð með núverandi fyrirkomulagi og ljóst að stíga þarf stærri skref í endurreisn fæðingarorlofskerfisins. BHM vísar í fyrri umsagnir sínar um málið og hvetur stjórnvöld til að styðja betur við börn og fjölskyldur þeirra en fjármálaætlunin gefur fyrirheit um.

Framlög til menningar og lista

Fjárframlög til listastofnana eins og Þjóðleikhússins og Listaháskóla Íslands verður að hækka svo þær stofnanir geti sinnt lagalegri skyldu sinni. Þá sýna kjarakannanir BHM að listamenn raða sér áberandi lægst meðal háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins og við því verður að bregðast. BHM tekur undir umsögn frá Félagi íslenskra leikara og Félagi leikstjóra á Íslandi um fjárframlög til menningar og lista í fjármálaáætluninni.

Aukin sálfræðipjónusta

BHM fagnar því að sálfræðipjónusta verði aukin og aðgengi að þjónustu sálfræðinga bætt. Kostnaður vegna sálfræðipjónustu er hár og mörgum ofviða og því löngu tímabært að þessi mikilvæga heilbrigðisþjónusta sé niðurgreidd af hinu opinbera.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM